

Ágætu fundarmenn.

Mig langar að byrja á að þakka fyrir þarfa umræðu sem *Opinn Borgarfundur* hefur staðið fyrir um *vanda þjóðarinnar*. Staðan er vissulega ekki góð og mikilvægt að gengið verði rösklega til verks við að meta stöðuna, kanna hvað fór úrskaiðis og ekki síst að koma með uppbyggilegar tillögur að leiðum úr vandanum.

Ég fagna því einnig að Viðskiptaráði sé boðin þátttaka á þessum vettvangi því ljóst er að störf þess má skýra betur. Ráðið er fulltrúi íslenskra fyrirtækja og einstaklinga í viðskiptum og hefur í rúm 90 ár starfað með bætt starfsumhverfi fyrirtækja og aukna velmegun á Íslandi að leiðarljósi. Árangurinn er umtalsverður og hefur ráðið stuðlað að óumdeildum framfaramálum, jafnt smáum sem stórum, allt frá afnámi gjaldeyrishafta og annarra viðskiptahindrana til framfara í menntun. Viðskiptaráð er m.a. bakhjarl þriggja skóla, Verslunarskóla Íslands, Háskólans í Reykjavík og International Academy of Iceland en í þessum skólum nema nú ríflega 4000 manns. Í þeim stærsta um 3000 og þeim minnsta 11. Gott rekstrarumhverfi fyrirtækja og almenn velmeignun er, að ég hygg, sameiginlegt markmið allra sem hér sitja. Það sem fólk greinir hinsvegar á um eru leiðirnar sem farnar eru.

Stefna Viðskiptaráðs hefur frá upphafi verið sú að standa beri vörð um athafnafrelsi einstaklinga og almennt viðskiptafrelsi. Í þessu felst að takmarka þarf umsvif hins opinbera því einkaframtak er líklegri uppspretta hagvaxtar og lífsgæða, en opinber starfsemi og miðstýring. Hið opinbera sinnir þó sjálfsögðu og eðlilegu hlutverki við að halda uppi samfélagsþjónustu og innviðum, með skatttekjum frá fyrirtækjum og einstaklingum. Í grunninn tel ég að um hlutverk hins opinbera ríki nokkuð almenn sátt á Íslandi og það er fyrst og fremst blæbrigðamunur á áherslum, sem lúta þá einkum að umfangi aðkomu einkaframtaks. Um leið og fjölbreyttu rekstrarforms hefur margoft sannað gildi sitt er jafn ljóst að aðkoma hins opinbera er eðlileg og nauðsynleg, t.d. að fjármögnun heilbrigðis og menntakerfis. Stjórnvöld þjóna einnig nauðsynlegu hlutverki eftirlits og aðhalds með atvinnuvegunum.

Á þeim tímamótum við stöndum nú, er eðlilegt að margir velti því fyrir sér hvort áherslur á borð við einstaklings- og viðskiptafrelsi, markaðsbúskap og eignarétt séu réttar. Í því samhengi er rétt að horfa til tveggja þátta. Í fyrsta lagi er erfitt að horfa framhjá þeim mikla árangri sem náðst hefur við uppbyggingu velferðar á vesturlöndum sem byggir á þessum gildum, þó í misjöfnum mæli. Í öðru lagi er nauðsynlegt að skoða árangur af hinum valkostinum, sem felur oft í sér skerðingu á athafnafrelsi, aukinn ríkisbúskap, höft og stöðnun. Og hvað varðar viðbrögð við kreppum, sem hafa verið ófáar í heiminum, þá er ljóst að stefnubreyting í þessa átt dýpkar þær og lengir.

Því hefur gjarna verið haldið fram að ástæðan fyrir bankahruninu í október sé frelsi í viðskiptum og að það sé meira hér á Íslandi en annarstaðar. Einnig hefur stöku aðili haldið því fram að Viðskiptaráð vilji löggjöf út í hafsauga og aukið frelsi viðskiptalífs án málefnalega ástæðna. Þetta stenst enga skoðun, jafnvel þó yfirborðskennd væri. Á Íslandi gildir umfangsmikil og flókin evrópsk löggjöf um fjármálamarkað. Hún er ekki gallalaus, eins og Íslendingar hafa nú fundið fyrir á sársaukafullan hátt, en íslenskum fjármálafyrirtækjum var og er skilt að fara að þessum lögum. Geri þau það ekki eiga þar til skipaðar eftirlitsaðilar að sjá til þess að svo verði gert. Þessir sömu aðilar eiga einnig að sjá til þess að ekki komi til ójafnvægi á milli atvinnugreina og efnahagskerfis. Ef misbrestur verður þar á, þá á það ekkert skilt við frelsi í viðskiptum. Frekar ætti að tala um afskiptaleysi, vanhæfni eða stjórnsleysi.

Hvað varðar áhuga Viðskiptaráðs á viðskiptalöggjöf almennt, þá hefur ráðið fremur kallað eftir aukinni ábyrgð viðskiptalífs en kveðið er á um í lögum. Þetta gerði ráðið í formi leiðbeininga um Stjórnhætti fyrirtækja, sem unnar voru í samstarfi við Samtök Atvinnulífs og Kauphöll Íslands árið 2004. Þar er m.a. kveðið á um mikilvægi þess að fyrirtæki setji sér og fari eftir viðmiðum um góða stjórnhætti og stjórnskipan. Að auki var Viðskiptaráð árið 2005 stofnaðili að Yfirtökunefnd, sem

hafði það hlutverk að veita markaðsaðilum aðhald. Sú nefnd var lögð niður síðastliðið sumar, gegn vilja Viðskiptaráðs.

Viðskiptaráð hefur því talað fyrir auknu aðhaldi við viðskiptalífið í formi leiðbeininga og reglna, sem sumir hafa kallað sjálfsprottnar, og eru þær til viðbótar við almenna löggjöf. Það á ekki að afnema lög, reglur og eftirlit – enda væri það firra. Hagur allra er hinsvegar að löggjöf sé skýr, einföld og almenn.

En það er ódýrt að varpa ábyrgð á óförum á hendur annara, án þess að líta í eigin barm og í ljósi þess að vandinn á sér margar rætur. Breytingar eru nauðsynlegar strax, um það vitnar núverandi staða glögglega. Það á við í ranni stjórn mála, embættiskerfis og í íslensku viðskiptalífi. Ef ég horfi til undanfarinna ára eru stærstu mistök viðskiptalífsins líklega þau að smám saman dró úr uppbyggilegu samstarfi, eða vilja til samstarfs, á milli viðskiptalífs annarsvegar og stjórnsýslu og stofnana hinsvegar. Ákveðin kergja myndaðist, valdahlutföll skekkust, og hinir fyrrnefndu töldu sig jafnvel ekki þurfa á þeim síðarnefndu að halda. Úr slíkum aðstæðum getur ekkert gott komið. Um leið og augljóst er að það þarf að stórefla stjórnsýslu og embættismannakerfið þá er um leið þörf á auknum samstarfsvilja viðskiptalífs - vilja til úrbóta þar sem farið var af sporinu.

Á Íslandi starfa mörg þúsund fyrirtæki og samkvæmt upplýsingum frá CreditInfo mun verulegur hluti þeirra eiga í miklum rekstrarvanda á næstu mánuðum. Á honum verður að vinna með skjótum aðgerðum, því framtíð íslenskra heimila og velferðarkerfis er að veði. Það verður að hafa það hugfast að fyrirtæki og heimili á Íslandi mynda órofa heild, þar sem heimilin þurfa á atvinnu að halda og fyrirtækin á starfsfólki. Sá sem rekur fleyg þar á milli, gætir sín ekki á afleiðingunum. Heimilin eru atvinnulífið og atvinnulífið er heimilin.

Málflutningur Viðskiptaráðs er ekki óumdeildur, enda er það eðlilegt þar sem mismunandi skoðanir fá þrifist. Og ráðinu hefur vafalaust skjátlást í einhverjum tilfellum í gegnum tíðina. En ég legg áherslu á að fyrir ráðgjöf, umsögnum og upplýsingamiðlun ráðsins hafa ávallt legið málefnalegar ástæður þar sem leitast hefur verið við að tengja saman hagsmuni viðskiptalífs og íslensks samfélags.

Málefnaleg rökræða er grunnforsenda framfara. Í því felst að gagnrýni fylgi ávallt tillögur að umbótum og umræða sé þannig lausnadrifin, í stað þess að ala eingöngu á kergju ... sem nóg er af fyrir. Viðskiptaráð fagnar og tekur þátt í allri slíkr umræðu um hvernig efnahagslífi skal best stýrt, fyrirtækjum og heimilum á Íslandi til hagsbóta.